

Forseti Íslands, fyrrverandi forseti, Vigdís Finnbogadóttir, biskup Íslands, vígslubiskup, heiðruðu gestir.

Það er mér mikill heiður og ánægja bjóða ykkur velkomin á þetta málþing sem Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar efnir til í samstarfi við Skálholtsskóla og Sumartónleika í Skálholti um „Hlutverk trúar og trúarbragða í sáttargjörð“.

Aðalfyrirlesarar okkar í dag eru dr. Magnús Þorkell Bernharðsson og dr. Susannah Heschel og ég geri ráð fyrir að ég tali fyrir munn allra hér þegar ég segi að það er mikið tilhlökkunarefni að hlýða á þau og þá sem bregðast við erindum þeirra.

Stofnun dr. Sigurbjörns hefur það hlutverk samkvæmt stofnskrá að vinna að rannsóknum og fræðslu í trúarbragðafræði og guðfræði í þeim tilgangi að auka þekkingu og skilning á trúarbrögðum heimsins og stuðla að sáttargjörð ólíkra trúarviðhorfa, vinna gegn tortryggni og efla skilning og umburðarlyndi.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um dr. Sigurbjörn, slíkt er óþarfi í þessum hópi, en hlutverk stofnunarinnar er sannarlega í anda hans. Þessi samkoma er ekki síst til að minnast þess að hann hefði orðið hundrað ára 30. júní síðastliðinn.

Ákvörðun um að Stofnun dr. Sigurbjörn yrði sett á fót var tekin árið 2008, efnahagsörðugleikarnir og samdrátturinn sem fylgt hafa – í starfi kirkjunnar – sem annars staðar hafa komið í veg fyrir að hægt væri að fylgja fram starfi hennar af þeim metnaði sem til var stofnað. Formaður stjórnar stofnunarinnar er skipaður samkvæmt tilnefningu biskups Íslands og þakka ég hér með þann mikla heiður og traust sem að herra Karl Sigurbjörnsson sýndi mér með því að skipa mig til verksins.

Við í stjórn stofnunarinnar erum afar ánægð með að okkur hafi tekist, þrátt fyrir afar takmörkuð fjárráð að efna til þessa málþings. Við þökkum biskupsstofu fyrir þann mikla stuðning sem við höfum fengið og Icelandair fyrir stuðning þeirra. Ég þakka samstarfsmönnum í stjórninni fyrir mikið og gott undirbúningsstarf. Séra Kristján Björnsson, varaformaður, hefur borið hitann og þungann af praktískum framkvæmdum. Aðrir í stjórninni, dr. Arnfríður Guðmundsdóttir og dr.dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson taka virkan þátt og kommentera á erindi aðalfyrirlesaranna, en annar þeirra, Magnús Þorkell, er einnig í stjórn stofnunar dr. Sigurbjörns.

Það er sannarlega viðeigandi að þetta málþingið skuli haldið í Skálholti, hinu forna biskupssetri og miðstöð menningar og lærdóms á Íslandi um margra alda skeið.

Skálholt var dr. Sigurbirni afar kær staður. Tengdasonur hans, Bernharður Guðmundsson, skrifaði í minningu um hann: „Hann dreymdi um endurreisn Skálholts. Sem unglingur var hann sumarlangt hjá föður sínum sem bjó að Iðu í Biskupstungum og þar blasti við niðurlæging Skálholtsstaðar. Sem uppkominn maður tók hann til hendinni, stofnaði Skálholtsfélagið sem kom uppbyggingunni af stað....“

Skálholt var fræðasetur allt til þess að aðsetur biskups var flutt til Reykjavíkur. Á hinstu dögum staðarins sem biskupsseturs undir lok átjándu aldar skrifaði síðasti biskupinn sem sat hér, Hannes Finnsson, eitthvert merkasta sagnfræðiverk liðinna alda, Mannfækkun af hallærum. Hannes var líklega menntaðastur Íslendinga sinnar aldar og þó að nafn rits hans hljómi ekki uppörvandi var hann bjartsýnn á framtíð Íslands. Hann skrifaði: „Ísland fær tíðum hallæri, en ekkert land í Norður-álfunni er svo fljótt að fjölga á ný manneskjum og bústofni sem það, og er því ei óbyggjandi.“

Erfiðleikarnir sem Íslendingar hafa barmað sér undan síðustu þrjú ár verða á engan hátt bornir saman við Móðuharðindin, sem urðu Hannesi tilefni til að skrifa rit sitt. Bjartsýni Hannesar á framtíð landsins mitt í mestu hamförum sem riðið hafa yfir Ísland var ekki blind eða órökstudd, hún var reist á rannsóknum hans og þekkingu á sögu landsins. Látum þá bjartsýni verða okkur nútímafólki til fyrirmyndar.

Það er því í anda þessu tveggja merku biskupa, Hannesar Finnssonar og Sigurbjörns Einarssonar, bjartsýni þeirra, umburðarlyndis og kærleiks, sem ég set þetta málþing og býð biskupi Íslands, herra Karli Sigurbjörnssyni að taka til máls.